

Nd. **634. Frumvarp til laga** [272. mál]

um breyting á lögum nr. 16 13. apríl 1973 um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Dráttur skal fara fram í Reykjavík undir eftirliti nefndar, sem dómsmálaráðherra skipar til þess. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmati eða gildi dráttar, bæði meðan dráttur fer fram og eftir að honum er lokið. Kostnað af þessu ber happdrættið. Dregið skal mánaðarlega.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna hefur, ásamt Happdrætti Háskóla Íslands og Vöruhappdrætti Sambands íslenskra berkla sjúklinga, farið fram á heimild til þess að nota tölvu við drátt í happdrættinu. Er talið nauðsynlegt að breyta lögum happdrættisins til þess að unnt sé að verða við þessum tilmælum, og er frumvarp þetta flutt í því skyni. Samsvarandi frumvörp eru flutt um breytingu á lögum um hin happdrættin.